



G J A L D S K R Á

fyrir Fjarðabyggðarhafnir
Gildir frá 1.4.2021

Almenn ákvæði

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Fjarðabyggðarhafnir er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003 með síðari breytingum.

Um gjaldtöku tengdri stærð skipa

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu (brt) skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til Fjarðabyggðarhafna ef þau koma inn fyrir skilgreind mörk hafnanna samkvæmt hafnarreglugerð 835/2020 og njóta þjónustu þeirra.

Skipagjöld

4. gr.

Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, **16,80 kr. á brt.** skv. 2. gr. við hverja komu.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip við bryggju **4,03 kr. á brt.** fyrir hverja byrjaða 12 tíma, sem skip liggur bundið, en reiknist hámark 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, **110 kr. á brt.**, en þó aldrei lægra en **11.884 kr. á mánuði.**

Bátar minni en 20 brt. greiði þó aldrei lægra en **7.369 kr. á mánuði.**

Gestaskútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiði **3.000 kr. fyrir hvern byrjaðan sólarhring.**

Vörugjöld

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan skilgreindra marka hafnanna, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum til Fjarðabyggðarhafna vegna álagningar vörugjalda.

6. gr.

- a. Fyrir vörur sem fluttar eru í land en eru samkvæmt farmskrá skips ákveðnar til erlendra hafnar innan 14 daga, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.
- b. Fyrir vörur sem fluttar eru í land en eru samkvæmt farmskrá skips ákveðnar til annarrar innlendra hafnar innan 14 daga, skal aðeins greitt hálf vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

122



- c. Fyrir vörur sem fluttar eru á skip en eru samkvæmt farmskrá skips ákveðnar til annarrar innlendrar hafnar skal greitt hálf vörugjald.
- d. Fyrir vörur sem koma frá annarri innlendri höfn og látnar eru í land skal greiða hálf vörugjald.
- e. Fyrir vörur sem settar eru á skip og eru samkvæmt farmskrá ákveðnar til erlendrar hafnar er greitt fullt vörugjald þó varan hafi viðkomu á annarri höfn.
- f. Vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna bilunar eða skemmda á skipi eru undanþegnar innheimtu vörugjalda.

7. gr.

Eftirfarandi vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir s.s. tómir gámar, tómir fiskikör, tómir tankar o.fl. sem endursendar eru.
- b) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

8. gr.

Vörugjöld reiknast eftir heildarþyngd vöru með umbúðum eða heildarverðmæti afla, samanber skýringar með einstökum gjaldflokkum. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða ábyrgðarmaður skips skal láta Fjarðabyggðarhöfnum í té afrit af farmskrá. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið sannreyna uppgæfið vörumagn og flokkun þess. Sé fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðuð skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

9. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldsskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldsskrá:

1. fl.: Gjald 337 kr. fyrir hvert tonn:

Laust efni sem losað er eða lestað svo sem kol, laust korn, salt, sandur, mól, kvarts, málmgrýti og önnur steinefni, vikur, kísilgúr, súrál, flúor, ál, bensín, brennsluolíur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur (brotajárn, pappír og fleira) sem fluttur er til endurvinnslu.

2. fl.: Gjald 545 kr. fyrir hvert tonn:

Laust efni sem losað er eða lestað svo sem lýsi, fiskimjöl, fiskifóður og melta.

3. fl.: Gjald 647 kr. fyrir hvert tonn:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnir málmar, sjávarafurðir, landbúnaðar-afurðir, veiðarfæri, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda og smurningsolíur. Pakkaðar og niðursoðnar matvörur og drykkjarvörur.

4. fl.: Gjald 1.421 kr. fyrir hvert tonn:

Aðrar vörur sem ekki eru tilgreindar í 1.- 3.fl., svo sem vélar, tæki og hvers konar varahlutir, vefnaðarvara og fatnaður, gúmmí, búslóðir, pappír, húsgögn, bifreiðar, heimilistæki, skrifstofuvélar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar og bátar.

5. fl.: Aflagjald 1,32% af heildar aflaverðmæti:

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast 0,72% af heildaraflaverðmæti skv. hafnalögum.

1957



Seljanda aflans ber að afhenda Fjarðabyggðarhöfnum skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Seljandi ber ábyrgð á greiðslu aflagjalds.

Leiga á gámasvæði - geymslusvæði

10. gr.

Leiga fyrir gámasvæði skal vera eftirfarandi:

Geymsla á malarsvæði **70 kr. á m² á mán.**

Geymsla á malbikuðu svæði utan haftasvæðis **125 kr. á m² á mán.**

Geymsla á malbikuðu svæði innan haftasvæðis **165 kr. á m² á mán.**

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi:

Geymslugjald 20 feta gám á mán. **4.260 kr.**

Geymslugjald 40 feta gám á mán. **8.520 kr.**

Geymslugjald fyrir nætur og troll á geymslusvæði er það sama og á 40 feta gám á mán.

Geymsla á veiðarfærum á hafnarköntum. Frítt fyrstu vikuna síðan **4.410 kr. á sólarhring.**

Aðstaða v/ upptöku báta á hafnarkant. Frítt fyrstu vikuna síðan **8.420 kr. á viku.**

Ef notað er rafmagn er greitt fyrir það sérstaklega skv. gjaldskrá þessari.

Lágmarksgjald fyrir geymslu á geymslusvæði samsvarar gjaldi fyrir 20 feta gám.

Móttaka úrgangs

11. gr.

Skip sem óskar eftir að Fjarðabyggðarhafnir taki á móti úrgangi skal tilkynna um það að lágmarki 24 klst. fyrir komu til hafnar.

Við komu til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. grein laga um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 greiða úrgangs- og förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi í land. Úrgangsgjald er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Förgunargjald er innheimt fyrir þann úrgang sem skilað er í land og skal standa undir förgun á þeim úrgangi.

Öll skip sem falla undir grein 11 c. í lögum nr. 33 frá 2004 skulu greiða eftirfarandi vegna úrgangs:

Úrgangsgjald

- Úrgangsgjald:** Við komu skips til hafna skal skip greiða **0,84 kr. á brt.** Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er **6.104 kr.** og hámarksgjald **55.000 kr.**
- Úrgangsgjald:** Gjald skv. lið a. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá **0,42 kr. á brt.** Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er **6.104 kr.** og hámarksgjald **27.500 kr.**
- Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt b. lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
- Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem eru undir 60 metra að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í höfnum Fjarðabyggðar skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Mánaðargjaldið skal vera **6.104 kr. á mánuði.**

1956



Förgunargjald

- a. Förgunargjald:** Farþegaskip 60 metra og lengri skulu greiða **1,64 kr. á brt.** Gjaldið miðast við eftirfarandi sorpmagn:
- Farþegaskip undir 30.000 brt.: 5 m³
 - Farþegaskip frá 30.000 brt. til 100.000 brt.: 10 m³
 - Farþegaskip yfir 100.000 brt.: 15 m³
- Önnur skip skulu greiða **2,18 kr. á brt.** Gjaldið miðast við 5 m³ af sorpi. Greiða skal förgunargjald samkvæmt d-lið fyrir sorp sem fer umfram ofangreinda viðmiðun.
- Skip og bátar sem eru undir 60 metrar á lengd og hafa varanlega viðveru í höfnum Fjarðabyggðarhafna skulu háðir sérstöku samkomulagi sem m.a. taki á lögum og reglum um skil á sorpi.
- Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er **43.033 kr.**
- b. Förgunargjald:** Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald skv. b-lið endurgreitt enda skili það áður kvittun móttökuaðilans ásamt réttum upplýsingum um losað magn. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist Fjarðabyggðarhöfnum innan tveggja sólarhringa frá brottför skips.
- c.** Samkvæmt 11. grein reglugerðar nr. 1200 frá 2014 getur Umhverfisstofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum, sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á tryggja afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.
- d.** Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu greiða fyrir móttöku hafnar og förgun á almennu sorpi. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er **12.230 kr. á hvern rúmmetra og lágmarksgjald er einn rúmmetri.** Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnaðar umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi skip þann kostnað sem til fellur.

Hafnsögugjöld.

12. gr.

Öll skip lengri en 100 metrar, að undanskildum innlendum fiskiskipum, og öll skip sem flytja hættulegan varning, skulu taka hafnsögumann við komu, brottför og siglinu um hafnarsvæðið.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Fyrir leiðsögn til hafna eða lægi **4.778 kr.** fyrir hvert skip, auk **7,77 kr. fyrir hvert brúttótonn.** Fyrir leiðsögn frá lægi og úr höfn greiðist sama gjald.

Ef skipstjóri skips hefur undanþágu frá hafnsöguþjónustu skv. ákvörðun hafnarstjórnar og hafnsögumaður fer ekki um borð, er veittur 25% afsláttur af hafnsögugjaldi.

Þjónusta dráttarbáts

13. gr.

Tímagjald fyrir aðstoð dráttarbáts miðast við brúttóstærð skips. Fyrir skip minni en **20.000 brt. er tímagjaldið 11,34 kr. á brt.** og fyrir stærri skip en **20.000 brt er tímagjaldið 13,31 kr. á brt.** Lágmarksgjald á klst. er **65.536 kr.** og hámarksgjald á hvert skip á klst. er **416.000 kr.**

Gjald fyrir fylgd til öryggis í eða úr höfn, er **65.536 kr. á klst.** Lágmarkstími er 1 klst.

Gjald fyrir aukamann á dráttarbáti er **17.243 kr. á klst.**



Biðtímagjald er **65.536 kr. á klst.** Lágmarkstími er 1 klst. Ef aukamaður er um borð á biðtíma er einnig rukkað fyrir aukamann.

Gjald fyrir fluttan hafnsögumann er **65.536 kr. á klst.** Lágmarkstími er 1 klst.

Aðrir flutningar: **65.536 kr. á klst.** Lágmarkstími er 1 klst.

Þegar dráttarbátur flytur hafnsögumann og aðstoðar einnig skipið, fellur gjald fyrir flutning hafnsögumanns niður.

Gjald fyrir siglingu dráttarbáts er **65.536 kr. á klst.**

Heimahöfn dráttarbáts er Reyðarfjarðarhöfn. Þegar aðstoðar dráttarbáts er óskað í öðrum höfnum er innheimt gjald fyrir siglingu frá og til heimahafnar.

Ef hafnsögumaður telur aðstoð nauðsynlega má hann láta kalla til aðstoðarbát. Gjald fyrir þjónustu aðstoðarbáta er samkvæmt gjaldskrá þeirra.

Önnur aðstoð dráttarbáts er samkvæmt samningi hverju sinni.

Gjald vegna aðstoðar við hjálparvana fiskiskip stærri en 100 brt. er samkvæmt samkomulagi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi varðandi þóknanir fyrir björgun fiskiskipa, sjá á eftirfarandi slóð <https://sfs.is/greinar/kjaramal/>.

Festargjöld

14. gr.

Starfsmenn á vegum Fjarðabyggðarhafna sjá um bindingu skipa nema um annað hafi verið samið.

Festargjöld fyrir hverja afgreiðslu eru **24.637 kr.** Lágmarksfjöldi festarmanna er tveir. Séu fleiri en tveir menn notaðir við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann **12.318 kr.** **Fyrir festargjöld utan dagvinnutíma er greitt tvöfalt gjald og einnig tvöfalt gjald fyrir aukamann við afgreiðslu utan dagvinnutíma.**

Vatnssala

15. gr.

Kalt vatn **302 kr./m³.**

Lágmarksgjald á hverja afgreiðslu miðast við **15 m³.**

Vatn til kælingar á fiski **80 kr./m³**

Heimabátar á mán. **8.442 kr.**

Afgreiðsla utan dagvinnutíma **7.301 kr. á klst.** Lágmarksútkall er 4 klst.

Vigtargjald

16. gr.

Almenn vigtun **183 kr. á tonn**

Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun/löndun **1.679 kr.**

Skráningargjald á afla án vigtunar **4.628 kr.** á hverja löndun

Vigtun dagvinna **4.628 kr. á klst.**

Vigtun utan dagvinnutíma **7.301 kr. á klst.** Lágmarksútkall er 4 klst.

Rafmagnssala

17. gr.

Selt rafmagn **19,85 kr./kWst.**

Rafmagn skútur og skemmtibátar **700 kr.** fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

Mælaleiga **5.538 kr. á ári.**

198



Fari tenging fram utan dagvinnutíma greiðist tengigjald **7.301 kr. á klst.**

Lágmarksútkall er 4 klst.

Fyrir tengingar beint inn á skinnur skal kaupandi bera kostnað af vinnu rafiðnaðarmanna við aftengingu og tengingu.

Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða

18. gr.

Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu **39.900 kr.**

Öryggisgæsla á öryggisvörð í dagvinnu **4.628 kr.**

Öryggisgjald á öryggisvörð í yfirvinnu **7.301 kr.**

Farþegagjald **190 kr. á farþega.**

Byggingarréttargjald

19. gr.

Fyrir rétt til byggingar mannvirkja á lóðum sem Fjarðabyggðarhafnir hefur undirbúið til framkvæmda með landfyllingum skal greiða byggingarréttargjald. Byggingarréttargjald skal greitt af hverjum fermetra byggingarlóðar. Gjaldið skal að fullu greitt áður en lóðaleigusamningur um byggingarlóð er gerður. Byggingarréttargjald skal bundið byggingarvísitölu og er 6.092 kr/fermetra miðað við byggingarvísitölu 148,4 í nóvember 2020.

Vörugjöld

20. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður sem skip hefur siglingu, nema annað sé sérstaklega um samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Um greiðslu og ábyrgð á greiðslu

21. gr.

Skipstjóri, eigandi og umráðamaður skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Fjarðabyggðarhafna vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

Handwritten signature or initials in blue ink.



Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Fjarðabyggðarhöfnum er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með síðari breytingum.

Um innheimtu gjalda

22. gr.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðkröfum sbr. ákvæði 3. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Fjarðabyggðarhöfnum er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

Gildistaka

23. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Fjarðabyggðarhafnir var samþykkt af hafnarstjórn Fjarðabyggðar þann 16. mars 2021, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. apríl 2021 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Fjarðabyggðarhafnir frá 1. janúar 2021.

Fjarðabyggð 26. mars 2021

Jón Björn Hákonarson
Bæjarstjóri

Samþykkt í hafnarstjórn 16. mars 2021

Samþykkt í bæjarráði 23. mars 2021

Samþykkt í bæjarstjórn 25. mars 2021

